

62. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 11. maí 2016

Fundargerð

Fundurinn haldinn í fundarsal hjá Hótel Framtíð kl. 13:00-14:30.

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Gunnar Jónsson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ), Karl Lauritzson (KL), Sæunn Stefánsdóttir (SS), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannsson (GJ), Berglind Häsler (BH)

Fjarverandi voru sem afboðuðu sig: Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), Adolf Guðmundsson (AG)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar
2. Staða fjármála
3. Framlög til fræðslumála frá MMR
4. Ársfundur undirbúningur
 - Kjör endurskoðenda
5. Staða ýmissa verkefna
 - Miðstöð Menningarfræða
 - Framhaldsskóladeild á Vopnafirði
 - 100% endurnýjanlegt Austurland
 - Hagvísar Austurlands
 - Fab-Lab Austurland og NMI
 - Brothættar Byggðir
 - FAUST – Áfangastaðurinn Austurland

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna á fundinn

1) Staðfesting fundargerðar

Fundargerð 60 og 61 staðfestar með undirritun

2) Staða fjármála

JÁÐ fór yfir stöðu fjármála hjá stofnuninni.

3) Framlög til fræðslumála frá MMR

JÁÐ fór yfir stöðu minnisblaðs og stjórn leggur áherslu á að minnisblaði verði fylgt eftir með ósk um fund í ráðuneyti menntamála ásamt formanni stjórnar Austurbrúar.

4) Ársfundur undirbúningur

- Kjör endurskoðenda

Stjórn Austurbrúar leggur til við ársfund Austurbrúar að KPMG verði kjörinn endurskoðandi Austurbrúar fyrir árið 2016.

5) Staða ýmissa verkefna

- Miðstöð Menningarfræða

Stjórn ítrekar fyrri bókun frá 10. febrúar. Mikilvægt er að þegar sá starfsmaður Austurbrúar sem á Seyðisfirði snýr til baka á haustmánuðum úr fæðingarorlofi að unnið sé að áætlanagerð með hvaða hætti sé hægt að efla og styrkja starfsemina á Seyðisfirði innan þess svigrúms sem starfsemi Austurbrúar eru mörkuð á grundvelli fjárveitingar hverju sinni.

- Framhaldsskóladeild á Vopnafirði

JÁÐ fór yfir drög að samningi vegna framhaldsskóladeildar á Vopnafirði sem fyrirhugað er að taki til starfa í haust í samstarfi við Vopnafjarðarhrepp og framhaldsskólann á Laugum. Stjórn samþykkir framkomin drög.

- 100% endurnýjanlegt Austurland

JÁÐ fór yfir drög að verkefnahugmynd tengt orkumálum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að undirbúningi verkefnisins í samráði við þá aðila sem sérstakan áhuga hafa sýnt málefnum.

- Hagvísar Austurlands

JÁÐ fór yfir stöðu mála er varðar verkefnahugmynd um Hagvísa Austurlands. Unnið verður áfram að verkefninu næstu mánuði og standa vonir til að hægt verði að hefja verkefnið formlega með haustinu.

- Fab-Lab Austurland og NMI

JÁÐ kynnti málið en beðið er upplýsinga frá NMI og VA í samræmi við bókun á síðsta fundi. Framkvæmdastjóra farið að fylgja málinu eftir.

- Brothættar Byggðir

JÁÐ kynnti stöðu mála og næstu skref.

- FAUST – Áfangastaðurinn Austurland

JÁÐ fór yfir stöðu mála í verkefninu og næstu skref.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 14:45

Gunnar Jónsson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Berglind Häsler

Karl Lauritzson

Sæunn Stefánsd

Gauti Jóhannesson